

139. fundur skráningaráðs haldinn 11. apríl 2024 kl. 9:00-11:00 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir (fundarritari) , Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sat fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gagnis

1. Fundargerð 138 fundar lesin upp og samþykkt.

Athugasemdir vegna fundargerðar:

Í framhaldi af erindi 2 á fundi 137 - Engin svör eru komin vegna OCLC

4. Fræðslufundur getur byrjað kl. 9. Doddi sendir út auglýsingu um fundinn

6. Svona var á Sigló – ákveðið að skrá USB lykilinn sér, á eftir að bæta dæmi í HASK

2. Safnfærslur

Ákveðið að biðja með að afgreiða hvernig skuli fara með safnfærslur, erindið er flókið og margþætt og þarf að fara vel yfir. Ljóst að breyta þarf hvernig safnfærslur eru merktar, kökuform geta ekki verið spil og þarf að taka til í „ruslakistum“

Gera þarf titla safnfærslna notendavæna – endurskoða þarf reglur sem gilda um titlana, en orðið „safnfærsla“ þarf ennþá að vera til staðar í þeim.

Ákveðið að fresta málinu til haustsins og taka heilan fund um erindi 1. *Óhefðbundin safngögn og flokkun bókræðifærslna í efnistegund (material type) og tegund viðfangs (resource type)* og 2. *Safnfærslur sem ráðinu bárust frá frá Hallfríði Kristjánsdóttur við upphaf starfsárs.*

3. Fræðslufundur skrásetjara

Farið yfir drög að dagskrá fundarins, meðal efnis verður umfjöllun um óformlegar ritraðir og 800 sviðið, rafræn gögn og virkni F3 við skráningu – hvaða nafnmynd á að velja, einnig stutt erindi um efnistegundir.

Rætt um að hafa fundinn rafrænan í streymi á Teams og taka hann upp og birta á HASK, en hvetja skrásetjara til að mæta á staðinn eigi þeir möguleika á. Athuga með að nota skráningarkerfi Landskerfis fyrir skráningu á fundinn.

4. Kyrillískt letur

Erindi sem barst ráðinu um notkun á kyrillísku letri. Rætt hvaða umritunarreglum eigi að fylgja við skráningu. Einnig hvort eigi að bæta við reglu um að setja titil með kyrillísku letri í 246.

Ákveðið að kynna efnið á fræðslufundi skrásetjara og auglýsa eftir fólki í vinnuhóp til að ræða umritun af erlendum tungumálum.

María og Doddi verða í sambandi og ræða betur

5. Skemmri skráning

Erindi sem barst skráningarráði varðandi ranga notkun á vísun í skemmri skráningu. Kristín Lilja og Doddi hafa svarað erindinu. Skemmri skráningarfærslur eru með þeim fyrirvara að skráning í þeim er ekki fullkomin, oft eru það ekki sérfræðingar í skráningu sem taka á móti efni í skemmri skráningu. Skrásetjarar sem koma að færslunum eiga að fullskrá.

6. Önnur mál

Sigríður ræddi hugmyndir fyrir „Vissir þú“ póst á Vöndu þar sem mætti upplýsa um hvort ætti að bæta inn ISBN númeri í eldri færslu ef allt annað stemmir eða hvort ætti að gera nýja færslu fyrir nýtt ISBN.

Sigurgeir sagði frá kennsluefni sem kom frá Menntamálastofnun, þar sem mörgum útgáfum hafði verið safnað saman í eina færslu, þegar hefði verið réttara að búa til fleiri.

Næsti fundur nr. 140 ákveðinn 8. maí kl. 9